

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Ísafjarðarbæ.

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 16. júní 2010 var samþykkt deiliskipulag í Hnífsdal, Skólavegur – Dalbraut, Ísafjarðarbæ.

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir sex nýjum lóðum en lóðin við Bakkaveg 4b verði felld út. Gert er ráð fyrir möguleikum til að auka byggingarmagn á öllum lóðum nema einni. Jafnframt er áhersla lögð á verndun elstu byggðarinnar í samræmi við aðalskipulag. Miðað er við að halda lögun lóða almennt í óbreyttri mynd eða sem líkastri því sem þær hafa verið. Heimilt er að byggja við hús á svæðinu en viðbyggingar skulu hafa sama yfirbragð og aðalbyggingin.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Ísafirði, 23. júlí 2010.*

**Jóhann B. Helgason**, sviðsstjóri framkvæmda- og rekstrarsviðs.